



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið



## **Leikskólinn Langholt**

**2026– 2027**

### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

|     |                                                           |           |
|-----|-----------------------------------------------------------|-----------|
| 1.  | Greinargerð leikskólastjóra .....                         | 3         |
| 2.  | Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....                   | 4         |
| 2.1 | <b>Innra mat 1 – 3 ára árgangur 2025 – 2026.....</b>      | <b>5</b>  |
| 2.2 | <b>Innra mat 3 – 4 ára árgangur 2025 – 2026.....</b>      | <b>6</b>  |
| 2.3 | <b>Innra mat 4 – 5 ára árgangur 2025 – 2026.....</b>      | <b>7</b>  |
| 2.4 | <b>Innra mat 5 – 6 ára árgangur 2025-2026 .....</b>       | <b>9</b>  |
| 2.5 | <b>Umbótaáætlun 1 – 3 ára 2026 – 2027 .....</b>           | <b>10</b> |
| 2.6 | <b>Umbótaáætlun 3 – 6 ára 2026-2027 .....</b>             | <b>12</b> |
| 3.  | Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 16        |
| 1.  | Starfsþróunarsamtöl.....                                  | 17        |
| 2.  | Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans .....     | 17        |
| 3.  | Foreldrasamstarf .....                                    | 17        |
| 4.  | Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....                  | 18        |
| 5.  | Fylgiskjöl: .....                                         | 18        |
| 5.1 | <b>Umsögn foreldraráðs.....</b>                           | <b>19</b> |





## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025-2026 var farsælt og gefandi en um leið krefjandi eins og leikskólalífið er almennt. Barnahópurinn samanstóð af 165 börnum með margskonar þarfir. Starfsmenn leikskólans eru um fimmtíu, á aldrinum 18-65 ára og endurspeglar fjölbreytni borgarbúa. Skólaárið einkenndist af breytingum í starfsmannahópnum og baráttu fyrir börnin í borginni. Leitað var lausna til að mæta þörfum foreldra, barna og starfsmanna og sett var á laggirnar leikskólaleið Reykjavíkurborgar. Ég tel að hún munu hafa jákvæð áhrif á líf barna í borginni.

Markviss málörvun, bókalestur, flæðilestur og vinna með Lubbi finnur málbein skipar fastan sess í leikskólastarfinu í Langholti en einnig er lögð rík áhersla á leikinn sem námsleið.

Í Langholti starfar öflugur starfsmannahópur sem vinnur af fagmennsku, metnaði og umhyggju. Við leggjum áherslu á jákvæð samskipti og vinnum markvisst að því að skapa börnum öruggt, hvetjandi og uppbyggilegt námsumhverfi. Það sama á við um starfsumhverfið. Því að mannauðurinn er mikilvægur og stöðugt er verið að leita leiða til að halda sem best utan um starfsmannahópinn. Skammtíma og langtímaveikindi höfðu neikvæð áhrif á starf vetrarins. Vorönnin gekk þó mun betur og náðist ágætis jafnvægi á vormánuðum. Það sem vantar í starfsmannahópinn okkar núna eru fleiri leikskólakennarar. Þrír starfsmenn voru í leikskólakennaranáminu í vetur og ein af þeim útskrifaðist núna í vor. Á næsta skólaári verða fimm starfsmenn í leikskólakennaranámi en það hefur mjög jákvæð áhrif á allt leikskólastarfið að vera í góðri tengingu við Háskólasamfélagið.

Ég lít bjartsýnum augum til næsta skólaárs þar sem bíða okkur skemmtileg verkefni en stjórnendateymi næsta vetrar verður öflugt og með góðri samvinnu reynslumikils starfsfólks náum við að skapa gott og hvetjandi námsumhverfi fyrir börnin í Langholti.



## 2. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Í Langholti er áhersla lögð á útinám, læsi og fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunnur, en mikilvægt er að nefna að leikur er meginnámsleið



barna. Eins og fram kemur í aðalnámskrá leikskóla (2011, 2023) er leikur lífstjáning barna og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í sjálfsprottum leik hafa börn frumkvæði og stjórn, leikurinn hefur ekki fyrirfram ákveðið markmið eða lokaútkomu. Í leik taka börn sér hlutverk og skapa ímyndaðar aðstæður, leikurinn er þeirra leið til að tjá upplifanir sínar, fyrri reynslu og þekkingu.



Börn hefja oft leikferlið á undirbúning leiks, velja hlutverk og ákveða leikþema áður en raunverulegur leikur hefst. Því er mikilvægt að gefa börnum samfelldan og rúman tíma til leiks. Hlutverk kennara og leikskólastarfsmanna er fjölbreytt þegar kemur að leik barna meðal annars þarf að skipuleggja daglegt starf með tilliti til leiks, undirbúa námsumhverfið svo sem rými og efnivið, kennarar og starfsfólk þurfa að þekkja mismunandi leikgerðir og kunna að lesa í leikaðstæður til að styðja við börn í leik, einnig eru uppeldisfræðilegar skráningar mikilvægur þáttur til að fylgjast með leik, þroska og námi barna.



Sjálfsprottinn leikur er meginnámsleið barna og því mikilvægur þáttur í daglegu starfi Langholts, reynt er að fletta leik inn í allt skipulagt starf og er áhugasvið barnanna haft að leiðarljósi. Því er leikurinn ekki tekin sérstaklega fram í starfs- og umbótaáætlun heldur verður farið yfir megin áherslur skólans. Einnig var gerð breyting á skiptingu í starfs- og umbótaáætluninni, starfsáætlunin var gerð eftir árgöngum og umbótaáætlun var gerð fyrir 1 – 3 ára aldursbil og 3 – 6 ára aldursbil.

## 2.1 Innra mat 1 – 3 ára árgangur 2025 – 2026

Það eru 37 börn á aldrinum 1 – 3 ára sem raðast á þrjár deildir, 9 börn á Rauðalandi, 17 börn á Gulalandi og 7 börn á Bláalandi.

### Styrkleikar

**Læsi:** Unnið var markvisst með flæðilestur og að efla áhuga barna á bókum, m.a. með því að hvetja þau



til að skoða bækur og láta lesa fyrir sig. Reglulega var farið í sögustundir á bókasafni hverfisins og börnin hvött til að taka bók með sér að heiman í leikskólann. Þetta hefur stutt við málþroska og aukið orðaforða barnanna. Eftir hádegi var lesið fyrir börnin sem sváfu ekki og skapað var rólegt umhverfi til að börnin fengju tækifæri til að njóta bókar, efla hlustun og málskilning. Eftir áramót fór Litli Lubbi í helgarheimsókn með hverju barni. Á mánudögum sögðu börnin síðan frá því sem þau gerðu með Lubba og sýndu

myndir fyrir barnahópnum. Heimsóknirnar hafa stutt við tjáningu og frásagnarhæfni barnanna. Í hverri viku var einnig valinn umsjónarmaður sem sagði barnahópnum hvað væri í matinn þann daginn ásamt því að nota tákn með tali.



**Útinám:** Áhersla var á útinám í vetur þar sem farið var í stuttar gönguferðir og skoðað nærumhverfi í kringum leikskólann. Hluti af útináminu fór einnig fram innandyra þar sem t.d. snjór er tekinn inn á deild til að leika með, rannsaka og upplifa á nýjan hátt.

**Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur:** Í vetur var unnið með aðferðina Gefðu 10, þar sem



hver starfsmaður gaf barni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunnur tíu mínútur á dag í markvissum samræðum. Með gefðu 10 er markmiðið að kortleggja barnahópin og sjá hvort einhver börn fái minni gæða málörvunarstundir og bæta það, með því að hver starfsmaður einblínir á að gefa því a.m.k 10 mínútur af samræðum á dag. Með gefðu 10 er hægt að tryggja að öll börn fái jöfn tækifæri til

náms og þroska. Starfsmenn hafa verið að nýta dagskipulag á hálsbandi ásamt tákn með tali til að styrkja málskilning, tjáningu og þátttöku barnanna í daglegu starfi. Starfsmenn hafa einnig nýtt tákn með tali ásamt myndrænu dagskipulagi sem borið er á hálsabandi til að styrkja málskilning og tjáningu barnanna.

### Tækifæri

**Læsi:** Auka tækifæri til virkrar þátttöku barna í sögustundum, samræðum og frásögnum til að styrkja málskilning, orðaforða og áhuga á læsi.

**Útinám:** Efla mætti útinám með markvissari nýtingu nærumhverfisins og fjölbreyttari verkefnum utandyra sem styðja við sjálfstæði barnanna, leik, hreyfingu og könnun í náttúrulegu umhverfi. Fara í fleiri stutta göngutúra með smærri hópum og kíkja á róluvöll. Einnig mætti gera skýrari áætlun um hvernig útináminu yrði háttað yfir veturinn.

**Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur:** Skipuleggja mætti markvissari málörvunarstundir og efla enn frekar meðvitaða notkun máls í daglegu starfi til að styðja betur við máleflingu allra barna. Einnig má leggja áherslu á orðaforða, samræður í litlum hópum og fjölbreyttar leiðir til tjáningar, m.a. að passa að aðferðin Gefðu 10 detti ekki úr dagskipulagi hjá okkur. Nýta mætti betur tákni með tali til að styðja við börnin.

## 2.2 Innra mat 3 – 4 ára árgangur 2025 – 2026

Það eru 39 börn á aldrinum 3 – 4 ára sem raðast á þrjár deildir, 11 börn á Bláalandi, 23 börn í Smálöndum og 5 börn á Álfalandi.

### Styrkleikar

**Læsi** – Áhersla er lögð á daglegan lestur sem styður við málþroska og læsi, það er alltaf sögustund eftir



hádegismat þar sem börnunum er skipt upp í hópum eftir mismunandi þörfum og getu. Markvisst sett orð á athafnir til að efla skilning og orðaforða. Áhersla lögð á jákvæð samskipti þar sem börn æfa sig að lesa í aðstæður, líðan og taka tillit til annarra. Fjölbreyttar samverustundir 2 – 3x á dag. Fyrsta samveran er á morgnanna þar er farið yfir myndrænt dagskipulag, orð vikunnar og þulu mánaðarins, í samveru fyrir

hádegismat er áhersla lögð á hljóðkerfistvitund, söng og ýmsa leiki. Sögustundir á



bókasafninu einu sinni í mánuði til að börn fái að kynnst mismunandi bókum og lestraraðferðum.

Lubbi litli fór í heimsókn til allra barna yfir eina helgi og æfa þau framsögn fyrir framan hópinn og segja frá Lubba heimsókninni í samveru. Í hverri viku eru þrjú

börn valin sem umsjónarmenn, þau leggja á borð í hádeginu og kaffitímanum og kynna síðan fyrir hópnum hvað er í matinn, þetta æfir framsögn, sjálfstæði og að tala fyrir framan hópinn.



**Útinám** - Útinám hefur gengið vel þegar farið hefur verið. Reynt hefur verið að fletta inn verkefnum sem tengjast hljóðkerfisvitund, Lubba málhljóðum og annarri málörvun inn í útinámsferðir. Markmið útináms er að efla umhverfisvitund barna, kynna þau fyrir nærumhverfinu og æfa kjark og þor.



**Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur** – Lesið daglega í litlum hópum. Flæðilestur inn á deild. Leggjum orð á allar athafnir.

## Tækifæri

**Læsi** – Flæðilestur hefur gengið nokkuð vel og er markmiðið með flæðilestri að lesa einslega fyrir hvert barn að minnsta kosti einu sinni til tvisvar í viku. Að lestri loknum þarf að skrá á viðeigandi blöð svo hægt sé að fylgjast með hverjir fá lestur og að enginn sé útundan, þarna þurfum við að bæta okkur með markvissum skráningum. Einnig mætti bæta að fá börnin til að æfa að skrifa nafnið sitt.

**Útinám** - Því miður hefur útinámið fallið allt of oft niður. Með markvissari áætlun, betra skipulagi og góðri kynningu fyrir starfsfólki væri hægt að gera mun betur. En eftir áramót höfum við verið duglegri að nýta tækifærin þegar þau gefast og fara í útinám.

**Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur** - Við þurfum að gera enn betur en gert hefur verið í vetur. Notu gefðu 10 markvissara og lesa á hverjum degi einslega. Nýta þarf tíma betur í frjálsum leik til að leggja orð á allar athafnir.

## 2.3 Innra mat 4 – 5 ára árgangur 2025 – 2026

Það eru 56 börn á aldrinum 4 – 5 ára sem raðast á fjórar deildir, 16 börn á Álfalandi, 23 börn á Undralandi, 12 börn á Furðulandi og 5 börn á Dvergalandi.

## Styrkleikar

**Læsi** – Lesið er á hverjum degi eftir hádegismat, börnunum er skipt upp í mismunandi hópa eftir þörfum og getu barnanna. Markvisst sett orð á athafnir til að efla skilning og orðaforða. Áhersla er lögð á



jákvæð samskipti þar sem börn æfa sig að lesa í aðstæður, líðan og taka tillit til annarra. Fjölbreyttar samverustundir 2 – 3x á dag, á morgnanna er farið yfir myndrænt dagskipulag, orð vikunnar og þulu mánaðarins. Fyrir hádegismat er samvera þar sem áhersla er lögð á hljóðkerfisvitund, söng og ýmsa leiki.



Farið er á sögustundir á bókasafninu einu sinni í mánuði til að börn fái að kynnst mismunandi bókum og lestraraðferðum. Lubbi litli fór í heimsókn til allra barna yfir eina helgi, börnin koma síðan með hlut að heiman sem byrjar á þeirra málhljóði og segja frá hlutum og helginni með Lubba í samveru. Í hverri viku eru þrjú börn valin sem umsjónarmenn, þau leggja á borð í hádeginu og kaffitímanum og kynna síðan fyrir hópnum hvað er í matinn, þetta æfir framsögn, sjálfstæði og að tala fyrir framan hópinn.

**Útinám** – Það hefur gengið vel í útinámi þegar við höfum farið, börnin eru mjög áhugasöm um



ferðirnar. Í byrjun skólaársins völdu börnin sér tré sem fylgst var með út árið og skoðað var hvernig árstíðirnar hafa áhrif á umhverfið og náttúruna. Næst elsti árgangurinn gerir alltaf verkefni sem kallast heimilisheimsóknir. Þá förum við í nokkrar ferðir þar sem barn vísar leiðina frá leikskólanum heim til sín og sýnir



hinum heimilið sitt. Við göngum í kringum húsið, skoðum umhverfið og

börnin gera ýmis úrvinnslu verkefni tengd heimilinu og fjölskyldum, til dæmis velja börnin efnivið og byggja húsið sitt í leikskólanum. Með verkefninu er verið að tengja betur saman heimilið, leikskólann og nærumhverfi barnanna.

**Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur** - nýtum mismunandi menningarbakgrunn bæði starfsmanna og barna. Mikið lesið inn á deild. Lagt orð á allar athafnir. Málörvunar hópur í sögustund. Erum dugleg að endurtaka leiðrétt.

## Tækifæri

**Læsi** – Hefði mátt halda betur skipulögðum stundum með Lubba málhljóð vikunnar. Hefði mátt samræma betur skipulagið á milli deilda. Má bæta skráningar á flæðilestri.

**Útinám** - Því miður hefur útinámið fallið allt of oft niður. Með markvissari áætlun, betra skipulagi og góðri kynningu fyrir starfsfólki væri hægt að gera mun betur.

**Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunn** - Mætti bæta markvissar málörvunarstundir og samræma betur skipulag á milli deilda. Væri hægt að sameina málörvunarahópa og nýta styrkleika starfsfólks á milli deilda.

## 2.4 Innra mat 5 – 6 ára árgangur 2025-2026

Það eru 34 börn á aldrinum 5 – 6 ára sem dreifast á tvær deildar, 20 börn á Dvergalandi og 14 börn á Furðulandi.

### Styrkleikar

**Læsi** – Lesið er á hverjum degi fyrir börnin eftir hádegismat, skipt er upp í mismunandi hópa eftir mismunandi þörfum og getu barnanna. Samverustundir eru þrisvar á dag, á morgnanna þar sem farið er yfir myndrænt dagskipulag, þulu mánaðarins, orð vikunnar og Lubba máhljóð vikunnar. Síðan er samvera fyrir hádegismat þar sem áhersla er lögð á hljóðkerfisvitund, söng og ýmsa leiki. Í lok dags er oftast sest niður í samveru og hlustað á sögu áður en börnin fara heim. Merkingar eru sýnilegar á deildinni. Börnin hafa alltaf aðgengi að



forskriftum af bæði nöfnum og mismunandi orðum. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti þar sem börn æfa sig að lesa í aðstæður, líðan og taka tillit til annarra. Það er mikið um flæðilestur yfir daginn og hafa börnin mikinn áhuga á bókum, reynt er að hafa gott og fjölbreytt úrval af bókum inn á deild. Í hverri viku eru þrjú börn valin sem umsjónarmenn, þau leggja á borð í hádeginu og kaffitímanum og kynna síðan fyrir hópnum hvað er í matinn, þetta æfir sjálfstæði og að tala fyrir framan hópinn. Elsti árgangurinn er alltaf með verkefni sem kallast framsögn, hugmyndin er að hvert barn komi einu sinni með einn hlut að heiman og segi frá honum, hluturinn getur verið tengdur einhverri minningu, verið í uppáhaldi, átt sögu eða haft sérstaka þýðingu fyrir barnið og fjölskylduna. Í samverustundinni kynnir síðan barnið hlutinn fyrir félögunum, segir frá honum og hvaða þýðingu hann hafi. Þegar að barnið hefur kynnt hlutinn geta hin börnin komið með spurningar. Þá rétta þau upp hönd og barnið sem er með framsögnina svarar spurningunum. Markmiðið með framsögn er að börnin æfa sig að standa frammi fyrir hóp og segja skipulega frá. Þau þjálfva virka hlustun og fá tækifæri til að deila með vinum sínum einhverju sem tengist lífi þeirra sem við í leikskólanum þekkjum ekki ásamt því að svara spurningum frá börnunum sem eru að hlusta.



**Útinám** – Elsti árgangurinn fór í margar skemmtilegar ferðir á skólaárinu, við vorum í miklu samstarfi



við grunnskólana í hverfinu og fórum í þó nokkrar heimsóknir þangað, einnig var farið í heimsókn í frístundarheimili í hverfinu. Í júní mánuði byrjar síðan ævintýra/útideild elstu barnanna, þá er farið í 1 – 2 ferðir í viku t.d. fjallgöngu, útskriftarferð, strætóferðir eða kíkja á söfn í nágrenninu. Við tókum þátt í barnamenningarhátíðinni og fóru börnin í nokkrar ferðir tengdar því. Einnig var farið í útinám í nærumhverfi leikskólans, markmið útináms er að efla umhverfisvitund barna, kynna þau fyrir nærumhverfinu og æfa kjark og þor.



**Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur** – Nýtum mismunandi menningarbakgrunn bæði starfsmanna og barna. Mikið lesið inn á deild. Lagt orð á allar athafnir. Málörvunar hópur í sögustund. Áhersla er lögð á að endurtaka leiðrétt.

## Tækifæri

**Læsi** – Hefði mátt halda betur skipulögðum stundum með Lubba málhljóð vikunnar. Mætti samræma betur skipulagið á milli deilda. Má bæta skráningar á flæðilestri.

**Útinám** – Útinám datt oftar niður í vetur en við hefðum viljað. Það er mikið skipulag með elsta hópinn tengt skólasamstarfi og öðru og gekk það oft fyrir útináminu. Mættum vera duglegri að fara af stað og leyfa börnunum að ráða för án þess að ofhugsa skipulag útinámsins.

**Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur** – Mætti bæta markvissar málörvunarstundir og samræma betur skipulag á milli deilda. Væri hægt að sameina málörvunarahópa og nýta styrkleika starfsfólks á milli deilda.

## 2.5 Umbótaáætlun 1 – 3 ára 2026 – 2027

| 1 – 3 ára                                       |                                                                    |
|-------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------|
| Umbótaþáttur/matsþáttur                         | Málörvun og læsi                                                   |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?        | Auka orðaforða og tjáningu barna í daglegu starfi                  |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Innleiða markvissar samverustundir, lestrarstundir, söng og leiki. |
| Ábyrgð                                          | Deildarstjóri, starfsfólk deildar og sérskennslustjóri             |



|                                                                                                                                       |                                                                                                                                                    |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>                                                                                         | Ágúst 2026 - júní 2027                                                                                                                             |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b><br><b>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b><br>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Reglulegar skráningar (Gefðu 10 skráningar), umræður á deildarfundum, stjórnendafundir, teymisfundir.<br>Foreldraviðtöl og samskipti við foreldra. |
| <b>Viðmið um árangur</b>                                                                                                              | Framfarir sjást í málþroska barna (framfarir í skilningi og tjáningu)                                                                              |

### 1 – 3 ára

|                                                                                                                                       |                                                                                                                                                         |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>                                                                                                        | Útinám                                                                                                                                                  |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>                                                                                       | Efla útinám þar sem börn fá tækifæri til hreyfingar, könnunar og sköpunar. Auka sjálfstæði, forvitni og gleði í leik og starfi utan veggja leikskólans. |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>                                                                                | Skipuleggja reglulegar útikennslustundir og vettvangsferðir.                                                                                            |
| <b>Ábyrgð</b>                                                                                                                         | Deildarstjóri og starfsfólk deildar                                                                                                                     |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>                                                                                         | Ágúst 2026 - júní 2027                                                                                                                                  |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b><br><b>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b><br>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Deildarfundir þar sem útinámið er ígrundað, skráningar frá útinámi og myndir.                                                                           |
| <b>Viðmið um árangur</b>                                                                                                              | Framfarir sjást í málþroska barna (framfarir í skilningi og tjáningu)                                                                                   |

### 1 – 3 ára

|                                                 |                                                                                                                                                                                              |
|-------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>                  | Innleiða Blæ                                                                                                                                                                                 |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b> | Blær er táknmynd Vináttu sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti. Hann minnir okkur á gildi Vináttu, veitir huggun og er hvatning til barnanna að tjá sig og segja sínar skoðanir. |





|                                                                                                                                      |                                                                                                                                     |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>                                                                               | Kynning fyrir starfsfólk á starfsdag. Kynna bangsan Blæ fyrir börnunum og hvað hann táknar. Fletta Blæ inn í daglegt starf skólans. |
| <b>Ábyrgð</b>                                                                                                                        | Allt starfsfólk leikskólans.                                                                                                        |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>                                                                                        | Ágúst 2026 - júní 2027                                                                                                              |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?<br/>Hvaða aðferðir á að nota við matið<br/>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir,<br/>viðtal við börn)</b> |                                                                                                                                     |
| <b>Viðmið um árangur</b>                                                                                                             | Að Blær verði hluti að daglegu starfi leikskólans.                                                                                  |

## 2.6 Umbótaáætlun 3 – 6 ára 2026-2027

| 3 – 6 ára                                       |                                                                                                                                                                                                                                                 |
|-------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur</b>                             | Flæðilestur - skráningar                                                                                                                                                                                                                        |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b> | Markmiðið með flæðilestri er að lesa einslega fyrir hvert barn að minnsta kosti einu sinni til tvisvar í viku. Að lestri loknum þarf að skrá á viðeigandi blöð svo hægt sé að fylgjast með hverjir fá lestur og gæta þess að enginn sé útundan. |
| <b>Aðgerðir til umbóta</b>                      | Hafa skráningablöð sýnileg. Kynna vel flæðilestur í byrjun skólaárs og mikilvægi þess.                                                                                                                                                          |
| <b>Ábyrgð</b>                                   | Deildarstjórar                                                                                                                                                                                                                                  |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>   | September – út skólaárið                                                                                                                                                                                                                        |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>             | Fara yfir skráningablöð á deildarfundum.                                                                                                                                                                                                        |
| <b>Viðmið um árangur</b>                        | Að lesið sé fyrir öll börn einslega að minnsta kosti einu sinni til tvisvar í viku til að efla orðaforða, skilning og tjáningu.                                                                                                                 |

| 3 – 6 ára           |        |
|---------------------|--------|
| <b>Umbótaþáttur</b> | Útinám |





|                                                 |                                                                                                                                                         |
|-------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b> | Að öll börn fari í útinám einu sinni í viku og fái tækifæri til að kynnst nærumhverfi sínu.                                                             |
| <b>Aðgerðir til umbóta</b>                      | Kynna vel markmið útináms í byrjun skólaárs og mikilvægi þess. Búa til námsáætlun í byrjun skólaárs og nýta styrkleika starfsfólks í mismunandi ferðum. |
| <b>Ábyrgð</b>                                   | Deildarstjórar og starfsfólk                                                                                                                            |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>   | September – út skólaárið                                                                                                                                |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>             | Ræða á deildarfundum um skipulag og framkvæmd útinámsins. Ræða við börnin í samverum um þeirra álit og áhugasvið í tengslum við útinámið.               |
| <b>Viðmið um árangur</b>                        | Markmið útináms er að efla umhverfisvitund barna, kynna þau fyrir nærumhverfinu og æfa kjark og þor.                                                    |

### 3 – 6 ára

|                                                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
|-------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur</b>                             | Gefðu 10                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b> | Markvissari skráningar til halda betur utan um þau börn sem þurfa á aukinni málörvun að halda. Með gefðu 10 er markmiðið að kortleggja barnahópinn og sjá hvort einhver börn fái minni gæða málörvunarstundir og bæta það, með því að hver starfsmaður einblínir á að gefa því a.m.k 10 mínútur af samræðum á dag. Með gefðu 10 er hægt að tryggja að öll börn fái jöfn tækifæri til náms og þroska. |
| <b>Aðgerðir til umbóta</b>                      | Kynna vel Gefðu 10 í byrjun skólaárs, hafa skráningar aðgengilegar og yfirfara reglulega.                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| <b>Ábyrgð</b>                                   | Deildarstjórar og starfsfólk                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>   | September – út skólaárið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>             | Ræða á deildarfundum um skráningar. Ígrunda barnahópinn út frá Gefðu 10 viðmiðum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| <b>Viðmið um árangur</b>                        | Að öll börn fái jöfn tækifæri til tjáningu og samskipta og að Gefðu 10 skili sér í auknum skilning og málþroska                                                                                                                                                                                                                                                                                      |





### 3 – 6 ára

|                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                              |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>                                                                                                       | Innleiða Blæ                                                                                                                                                                                 |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>                                                                                      | Blær er táknmynd Vináttu sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti. Hann minnir okkur á gildi Vináttu, veitir huggun og er hvatning til barnanna að tjá sig og segja sínar skoðanir. |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>                                                                               | Kynning fyrir starfsfólk á starfsdag. Kynna bangsan Blæ fyrir börnunum og hvað hann táknar. Fletta Blæ inn í daglegt starf skólans.                                                          |
| <b>Ábyrgð</b>                                                                                                                        | Allt starfsfólk leikskólans.                                                                                                                                                                 |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>                                                                                        | Ágúst 2026 - júní 2027                                                                                                                                                                       |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?<br/>Hvaða aðferðir á að nota við matið<br/>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir,<br/>viðtal við börn)</b> |                                                                                                                                                                                              |
| <b>Viðmið um árangur</b>                                                                                                             | Að Blær verði hluti að daglegu starfi leikskólans.                                                                                                                                           |

### Stjórnun

|                                                         |                                                                                                                                                                                                                  |
|---------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur stjórnun</b>                            | Leikskólabragur - starfsumhverfi                                                                                                                                                                                 |
| <b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b> | Að starfsfólki líði vel í vinnunni og upplifi sálfélagslegt öryggi, vellíðan og draga úr streitu. Greina álag – hvernig er hægt að vinna að því að minnka álag og takast á við álag þegar það kemur upp.         |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>  | Nýta deildarfundi og starfsmannafundi til að ræða og greina álagspætti í starfinu og skoða hvernig er hægt að veita stuðning og forgangsraða verkefnum.<br>Hafa hlutverk skýr, góð samskipti og upplýsingaflæði. |
| <b>Ábyrgð</b>                                           | Leikskólastjóri og deildarstjórar                                                                                                                                                                                |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>           | Allt skólaárið                                                                                                                                                                                                   |





|                                     |                                                                                                       |
|-------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> | Metið í starfsmannakönnu og jafn óðum yfir árið með opnum samskiptum á deildarfundum.                 |
| <b>Viðmið um árangur</b>            | Góð niðurstaða úr starfsmannakönnun, meiri starfsánægja, betri líðan starfsmanna og minni fjarvistir. |





### 3. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við höfum verið í miklu samstarfi við grunnskólana og frístundamiðstöðvar í hverfinu þetta skólaár sem við munum halda áfram með á næsta skólaári. Við náum ekki að setja niður tímasetta áætlun fyrir næsta skólaár þar sem tímasetningar eru ákveðnar á fundum með skólunum í byrjun haustannar og vorannar. Því verður hér áætlun yfir þær heimsóknir og ferðir sem er yfirleitt farið í á hverju ári.

| Dagsetning og tími                           | Viðburður                                                         | Staðsetning                 | Ábyrgð         |
|----------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------|-----------------------------|----------------|
| <b>Haustönn</b>                              | Samsöngur í<br>Vogaskóla                                          | Vogaskóli                   | Deildarstjórar |
| <b>Haustönn – Dagur<br/>íslenskrar tungu</b> | Samsöngur í<br>Langholtsskóla                                     | Langholtsskóli              | Deildarstjórar |
| <b>Haustönn</b>                              | Leiksýning 7. bekkjar                                             | Langholtsskóli              | Deildarstjórar |
| <b>Haustönn</b>                              | 9. og 10. bekkur les<br>fyrir elstu börn                          | Langholt                    | Deildarstjórar |
| <b>Haustönn</b>                              | Hitta 1. bekk í<br>Langholtsskóla og aðra<br>leikskóla í hverfinu | Drekaróló                   | Deildarstjórar |
| <b>Haustönn</b>                              | Jóla sögustund í<br>Vogaskóla                                     | Vogaskóli                   | Deildarstjórar |
| <b>Haustönn</b>                              | Lúsíuhátíð                                                        | Vogaskóli                   | Deildarstjórar |
| <b>Vorönn</b>                                | Deildarstjórar<br>heimsókn í leikskóla í<br>hverfinu              | Leikskólar í<br>nærumhverfi | Deildarstjórar |
| <b>Vorönn</b>                                | Listgreinar                                                       | Vogaskóli                   | Deildarstjórar |
| <b>Vorönn</b>                                | Samsöngur                                                         | Vogaskóli                   | Deildarstjórar |
| <b>Vorönn</b>                                | Kennslustund og<br>frímínútur með 1.<br>bekk                      | Vogaskóli                   | Deildarstjórar |
| <b>Vorönn</b>                                | Heimsókn á<br>bókasafnið og skoða<br>skólann                      | Langholtsskóli              | Deildarstjórar |
| <b>Vorönn</b>                                | 1. bekkur kemur í<br>heimsókn                                     | Langholt                    | Deildarstjórar |





|        |                     |            |                |
|--------|---------------------|------------|----------------|
| Vorönn | Heimsókn í frístund | Glaðheimar | Deildarstjórar |
| Vorönn | Heimsókn í frístund | Vogasel    | Deildarstjórar |

#### 4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtölin fóru fram í apríl og maí. Starfsmenn skráðu sig í samtal á þeim tíma sem hentaði og áttu gott samtal við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra um líðan í starfi og hugleiðingar varðandi næsta vetur.

#### 5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

##### Útinám

Við stefnum að því að styrkja okkur enn betur hvað varðar útinám. Við munum fá útinámskennara til okkar í ágúst/september þar sem lagðar verða línur fyrir veturinn. Námsefni verður kynnt og svo tekið í notkun næsta vetur. Elsti árgangur verður fjölmennur og því leitað leiða til að skipta börnum í minni hópa og fara mikið út með verkefni við hæfi. Skipulag um útnám verður sett upp með hverri deild og starfsmaður valinn sem sér um það og ber ábyrgð á því ásamt deildarstjóra.

##### Vináttuverkefni Blær

Vinna með félagsleg samskipti barna þar sem virðing, umhyggja, hugrekki og umburðarlyndi verða höfð að leiðarljósi. Blær á að veita börnum aðstoð við að auka hæfni sína til samskipta við aðra og koma í veg fyrir einelti með því að búa til gott andrúmsloft og starfsumhverfi. Með verkefninu læra börn jákvæð samskipti en allt starf í Langholti byggir á jákvæðum samskiptum.

Á skipulagsdegi í ágúst/september mun kennari frá Barnaheill koma með fræðslu til okkar.

##### Námskrá

Námskrárgerð mun setja svip sinn á allt leikskólastarfið næsta vetur og verður gefinn tími fyrir vinnslu námskrár á öllum skipulagsdögum.

#### 6. Foreldrasamstarf

Áhersla verður á áframhaldandi gott foreldrasamstarf á komandi ári.

Í Langholti er starfandi foreldraráð sem kosið er í ár hvert. Foreldrafélagið hefur ásamt leikskólastjóra ákveðið tímasetningu fyrsta foreldrafundar vetrarins og þar er kosið bæði í foreldraráð og foreldrafélag. Við höfum verið svo lánsöm í Langholti að hér hefur verið virkt foreldrafélag sem sér um





hina ýmsu viðburði til dæmis fræðslukvöld fyrir foreldra piparkökumálun, páskaeggjaleit og sumarhátíð. Foreldraviðtöl eru í höndum deildarstjóra og fara fram tvisvar sinnum á ári.

## 7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

### Skipulagsdagar 2026-2027

24. ágúst

25. september sameiginlegur með grunnskóla

27. nóvember sameiginlegur með grunnskóla

5. febrúar

27. apríl sameiginlegur með grunnskóla

28. maí

Sjá einnig leikskóladagatal í viðhengi

## 8. Fylgiskjöl:

Leikskóladagatal.

F. h. leikskólans .....

Sigrún Bragadóttir  
Leikskólastjóri





## 8.1 Umsögn foreldraráðs

### Starfsáætlun 2026 – 2027

#### Langholt

### Umsögn foreldraráðs

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Birta Björnsdóttir  
Hreiðar Már Hafnes Árnason  
Kristín Guðrún Reynisdóttir





## Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráð Langholts lýsir yfir mikilli ánægju með starfsáætlun komandi skólaárs 2026-2027. Áherslur áætlunarinnar samræmast vel starfi leikskólans síðastliðin ár, til að mynda varðandi ríka áherslu á málörvun, samskipti og mikilvægi leiks sem námsleið. Þar að auki virðist lögð áfram rík áhersla á að hvetja til áhuga á bókum; með flæðilestri, reglulegum heimsóknum á bókasafn og að bjóða börnunum að koma með bækur að heiman.

Breytt uppsetning starfsáætlunar þetta árið gerir hana enn aðgengilegri. Auðvelt er að sjá í fljótu bragði styrkleika og umbótatækifæri starfsins út frá aldursbilum. Þá er til fyrirmynda að sjá hvernig námstækifæri og -leiðir eru kortlögð út frá aldri og þörfum barnanna. Starfsáætlunin sýnir að leikskólinn Langholt ætlar að gera metnaðarfullt starf enn metnaðarfullra. Þar má nefna aukna fræðslu inn í starfsmannahópinn út frá umbótaþáttum leikskólans; annars vegar í tengslum við útinám og hins vegar tengt vinnáttu verkefninu Blær.

Þrátt fyrir ánægju foreldraráðs með starfsáætlun komandi skólaárs, má alltaf gera gott betra. Athugasemdir ráðsins snúa að því að skráningum virðist enn ábótavant í vissum verkefnum, t.d. gefðu 10 og flæðilestri. Í umbótaáætlun hvers aldursbils má sjá skýrari viðmið um árangur sem er gott að sjá og sem vonandi leysir fyrrgreinda erfiðleika tengt skráningu.





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is)





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



